

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 14. desember 2022
2013-593/00.03.08

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna byggingar Hvammsvirkjunar

1. Umsókn um framkvæmdaleyfi

Landsvirkjun óskar hér með eftir að sveitarstjórn Rangárþings ytra gefi út framkvæmdaleyfi til handa fyrirtækinu fyrir framkvæmdum við 95 MW Hvammsvirkjun samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landsvirkjun hefur einnig óskað eftir framkvæmdaleyfi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Í hjálagðri greinargerð, dagsettri 14. desember 2022, er að finna frekari gögn og upplýsingar vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og Eignarhluta ehf., sbr. 1. gr. laga um Landsvirkjun nr. 42/1983. Ríkissjóður á 99,9% eignarhlut í Landsvirkjun og Eignarhlutir ehf. 0,1%.

Heimili Landsvirkjunar og varnarþing er í Reykjavík. Fyrirtækið er sjálfstæður lög- og skattaðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

2. Skipulags- og leyfismál

Þann 25. apríl 2003 sendi Landsvirkjun tilkynningu til Skipulagsstofnunar um framkvæmdina „Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 1“ skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Annar af tveimur kostum sem fjallað var um í matsskýrslu var virkjun í tveimur þrepum – Hvammsvirkjun og Holtavirkjun. Þann 19. ágúst 2003 birti Skipulagsstofnun úrskurð sinn. Hún féllst á framkvæmdina og taldi að hún myndi ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif að teknu tilliti til fimm skilyrða sem stofnunin setti. Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til umhverfisráðherra sem staðfesti úrskurðinn 27. apríl 2004 með tveimur nýjum skilyrðum og breytingu á einu skilyrði.

Þann 13. júlí 2015 sendu Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur erindi til Skipulagsstofnunar þar sem óskað var eftir ákvörðun stofnunarinnar um hvort endurskoða þyrfti að hluta eða í heild matsskýrslu Landsvirkjunar um Hvammsvirkjun skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum áður en framkvæmdaleyfi yrði veitt. Þann 16. desember 2015 birti Skipulagsstofnun ákvörðun sína um að endurskoða þyrfti mat á áhrifum á tvo umhverfisþætti en ekki væru forsendur til að krefjast endurskoðunar á matsskýrslu frá 2003 að öðru leyti. Mat á tíu þáttum frá 2003 er því í fullu gildi.



Þann 19. maí 2017 lagði Landsvirkjun fram frummatsskýrslu um Hvammsvirkjun til athugunar hjá Skipulagsstofnun skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Óskað var eftir álit Skipulagsstofnunar vegna matsskýrslu framkvæmdarinnar þann 16. október 2017. Stofnunin birti álit sitt 12. mars 2018. Hún telur að matsskýrsla Landsvirkjunar og Landsnets uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt. Stofnunin telur áhrif virkjunarinnar á landslag verða verulega neikvæð og að fyrirhugaðar framkvæmdir séu líklegar til að hafa talsvert neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu. Stofnunin undirstrikar mikilvægi þeirra mótvægisáðgerða sem Landsvirkjun og Landsnet leggja til í matsskýrslu.

Hvammsvirkjun er í orkunýtingarflokki skv. þingsályktun nr. 16/144 frá 1. júlí 2015.

Hvammsvirkjun er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028, aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og landsskipulagsstefnu 2015-2026. Sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga samþykktu deiliskipulag Hvammsvirkjunar í júní 2021 og öðlaðist það gildi í desember 2021 með auglýsingu í Stjórnartíðindum.

Gerð er grein fyrir stöðu leyfismála í meðfylgjandi greinargerð. Þar kemur fram að leyfi Minjastofnunar liggur fyrir (dagsett 26. nóvember 2021), leyfi Fiskistofu liggur fyrir (dagsett 14. júlí 2022) og virkjunarleyfi frá Orkustofnun liggur fyrir (dagsett 6. desember 2022).

3. Lýsing á framkvæmd

Með Hvammsvirkjun verður nýtt allt að 352 m³/s rennsli og 32 m fall Þjórsár á um 9 km löngum kafla frá Yrjaskeri að Ölmóðsey. Virkjunarsvæðið er innan tveggja sveitarfélaga; Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Flest mannvirki verða í því fyrrnefnda. Hagalón verður myndað með stíflu í Þjórsá á mörkum jarða Minni-Núps í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Hvamms 1 í Rangárþingi ytra, stíflugarði í landi Skarðs í Rangárþingi ytra og Þjórsárdalsvegi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem verður endurbýggður frá Minni-Núpi langleiðina að Gaukshöfða og færður nær núverandi farvegi Þjórsár við Hagabæi. Steinsteipt flóðvirki, fiskvegir, inntaksskurður, inntaksvirki, aðrennslispípur, stöðvarhús, sveifluþró, frárennslisgöng og frárennslisskurður verður í landi Hvamms 1. Nýtt tengivirki Landsnets verður í landi Skarðs. Aðkoma að Hvammsvirkjun á framkvæmda- og rekstrartíma verður frá Landvegi um Hvammsveg. Nánari grein er gerð fyrir framkvæmdinni í meðfylgjandi greinargerð. Eins og fram kemur í greinargerðinni er endurbýgging og færsla Þjórsárdalsvegjar, færsla Gnúpverjavegjar og styrking núverandi Hvammsvegjar á forræði Vegagerðarinnar sem mun sækja um framkvæmdaleyfi fyrir þessari vegagerð. Jafnframt mun Landsnet sækja um framkvæmdaleyfi fyrir tengivirki og breytingum á Búrfellslínu 1. Áréttað er að framkvæmdaleyfisumsóknin nær til framkvæmdar fiskistiga við Hvammsvirkjun.

4. Samningar um land- og vatnsréttindi

Landsvirkjun á jarðirnar Ölmóðsey í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og lóð undir stöðvarhús í landi Hvamms 1. Landsvirkjun hefur tryggt sér landréttindi með samningum við eigendur Skarðs, Skarðssels, Króktúns, Yrja og Hvamms 1 í Rangárþingi ytra. Landsvirkjun hefur jafnframt tryggt sér landréttindi með samningum við eigendur Haga, Melhaga, Minni-Núps, Fossness og Haga 2 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Fyrir liggur samkomulag Íslenska ríkisins og Landsvirkjunar um yfirtöku Landsvirkjunar á vatnsréttindum í neðri hluta Þjórsár frá 9. maí 2007.



Óski Rangárþing ytra eftir frekari upplýsingum eða skýringum vinsamlega hafið samband við Val Knútsson, forstöðumann hjá Landsvirkjun (valur.knutsson@landsvirkjun.is).

Virðingarfyllt,

Hörður Arnarson,
forstjóri

Meðfylgjandi greinargerð

Greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi dagsett 14. desember 2022

Fylgiskjöl með greinargerð

- 1) Teikningar og yfirlitsmyndir af framkvæmd
- 2) Deiliskipulag Hvammsvirkjunar
- 3) Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar
 - Umhverfismatskýrsla frá 2003
 - Úrskurður Skipulagsstofnunar frá 2003
 - Úrskurður umhverfisráðherra frá 2004
 - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun frá 2015
 - Endurskoðað umhverfimat frá 2017
 - Álit Skipulagsstofnunar frá 2018
- 4) Útgefin leyfi
 - Leyfi Minjastofnunar Íslands, dagsett 26. nóvember 2021
 - Leyfi Fiskistofu, dagsett 14. júlí 2022
 - Virkjunarleyfi frá Orkustofnun, dagsett 6. desember 2022

